Karlotta Helgadóttir

From: Skipulag
Subject: RE: Ítrekun: Umsagnarbeiðni vegna máls nr. 0580/2024 í Skipulagsgátt

---

From: Valgerður Gréta Benediktsdóttir <valgerdur@straeto.is>
Sent: þriðjudagur, 18. júní 2024 16:23
To: Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Cc: Skipulag <skipulag@straeto.is>; Strætó <straeto@straeto.is>
Subject: RE: Ítrekun: Umsagnarbeiðni vegna máls nr. 0580/2024 í Skipulagsgátt

Góðan dag

Strætó sendir ekki formlegar athugasemdir við mál nr. 580/*2024 Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. Lýsing skipulagsverkefnis*, en við viljum koma á framfæri eftirfarandi ábendingum varðandi orðalag:

(3.6. Samgöngur)

> **Almenningssamgöngur**
>
> Strætóleiðir nr. 35 og 36 fara um Kársnesið eftir Kópavogsbraut og Kársnesbraut. Með fyrirhugaðir brú yfir Fossvog fyrir Borgarlínu, gangandi og hjólandi, má gera ráð fyrir aukningu í notkun vistvænna ferðamáta á svæðinu. Mikil tækifæri eru til að draga úr bílaumferð þar sem að stutt verður í háskólana og atvinnusvæði í Reykjavík.

Ábending: Fyrirhuguð brú yfir Fossvog er fyrir almenningssamgöngur, ekki einungis Borgarlínuleiðir.

> **5.3. Borgarlína**
>
> Hryggjarstykkið í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 er Borgarlínan, hágæða almenningssamgöngur í sérrými sem munu tengja helstu kjarna svæðisins saman. Gert er ráð fyrir að einn leggur fyrirhugaðrar Borgarlínu (rauð lína á mynd hér fyrir neðan) muni liggja frá miðbæ Reykjavíkur um brú yfir Fossvog og þaðan eftir endilöngu Kársnesinu og enda uppi í Vatnsenda í Kópavogi. Gert er ráð fyrir stoppistöð á skipulagssvæðinu við Bakkabraut.

Ábending: Borgarlínuleiðir eru leiðir sem munu aka í það minnsta helming leiðar sinnar í innviðum Borgarlínu. Borgarlínuinnviðurinn mun ekki ná alla leið upp í Vatnsenda þó svo að Borgarlínuleiðin muni aka þangað. Það að leggur fyrirhugaðar Borgarlínu muni liggja frá miðbæ RVK uppí Vatnsenda gæti verið misskilið þannig að um sé að ræða Borgarlínuinnvið alla leið.

Strætó bs. áskilur sér rétt á athugasemdum síðar í skipulagsferlinu.

Bestu kveðjur
Valgerður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Valgerður G. Benediktsdóttir | Samgöngusérfræðingur
valgerdur@straeto.is | s. 617 2559

Strætó bs | Hesthála 14 | 110 Rvk | +354 540 2700
Skilmálar/Disclaimer

You don't often get email from noreply@skipulagsgatt.is. Learn why this is important

[Varúð: Tölvupóstur þessi á uppruna sinn utan tölvukerfa Strætó. Vinsamlegast ekki smella á slóðir eða opna viðhengi nema sendandinn sé þekktur og þú vitir að öruggt sé að opna slóðirnar eða viðhengin.]

Ágæti viðtakandi (Strætó bs.),

Eftirfarandi er áminning um að eftir 1 dag daga lýkur umsagnarfresti í eftirfarandi máli í Skipulagsgátt:

- Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. Lýsing skipulagsverkefnis., nr. 0580/2024: Lýsing (Rammahluti aðalskipulags)

Kópavogsbær óskaði eftir þinni umsögn vegna málsins. Smelltu hér til að skoða málið eða til að senda inn þína athugasemd. Umsagnafrestur rennur út þann 19.6.2024

Fyrirspurnir um málið skulu berast til ábyrgðaraðila þess.

Þetta er sjálfvirk tilkynning til allra aðila sem hafa verið skráðir sem umsagnaraðilar að málinu.

Kveðja,

Skipulagsgátt

Skipulagsgátt

Skilmálar/Disclaimer

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026